

EFTIRLITSSKÝRSLA

Munck Íslandi ehf. Hafnarfjörður - Kapelluhraun



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	10.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	Munck Íslandi ehf.	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Hlíðasmára 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	701013-0340	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Helga Jóna Jónasdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn J. Vilmundarson, Guðmundur Jóhannesson og Júlíus Sigurþórsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta reglubundna eftirlitið í malbikunarstöð Munck Íslandi ehf. að Álhelli 18 í Hafnarfirði. Fram komu átta frávik frá starfsleyfi. Viðstaddur eftirlitið var Tore Skjenstad frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og áréttað hvaða upplýsingum fyrirtækið þyrfti að standa skil á og farið yfir rekstur stöðvarinnar frá gangsetningu í sumar.

Fram kom að ekki væri búið að gera neinar mælingar skv. gr. 4.2 í starfsleyfi á þessu ári. Mæla þarf útblástur þegar stöðin er í eðlilegum rekstri en þar sem ekki lítur út fyrir að stöðin verði sett meira í gang á þessu ári er ólíklegt að þær mælingar klárast fyrir áramót.

Fram kom í eftirlitinu að ekki væri búið að koma upp skráningakerfi vegna rekstrarþátta sem geta haft í för með sé mengun eða losun út í umhverfið. Er það frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfi.

Gengið var um svæðið og aðstæður skoðaðar.

Samkvæmt gr. 2.3 á umgengni á rekstrarsvæðinu að vera snyrtileg. Ástand lóðar Munck er ekki ásættanlegt og telst það vera frávik frá gr. 2.3.

Samkvæmt gr. 2.3 á aðgangur óviðkomandi að svæðinu að vera bannaður. Við lóð malbikunarstöðvarinnar var skilti sem á stóð að aðgangur óviðkomandi væri óheimill en engin girðing er um lóðina og telst skiltið eitt og sér ekki fullnægandi til að tryggja að óviðkomandi komi ekki á svæðið. Telst það því frávik frá gr. 2.3.

Samkvæmt gr. 2.3 eiga akstursleiðir á svæðinu að vera malbikaðar en svo er ekki og er það frávik frá gr. 2.3.

Í gr. 3.2 í starfsleyfinu segir að rykmengun skuli haldið í lágmarki með því t.d. að reisa skjólveggi eða nota vökvunarbúnað sem þolir frost og íslenskar veðuráðstæður. Á staðnum voru nokkrar slöngur sem starfsmenn höfðu notað til að vökva hráefnahauga en það er ekki fullnægjandi og er það frávik frá gr. 3.2.

Í gr. 3.7 segir að úðun vörubíspalla skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Ekki er til staðar neitt plan fyrir úðun vörubíspalla heldur fer það fram á möl. Telst þetta því frávik frá gr. 3.7.

Samkvæmt gr. 3.8 á frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva að vera í samræmi við reglugerð nr. 884/2017. Í gr. 43. í reglugerð nr. 884/2017 um kröfur til lausageyma segir að öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir skuli tryggðar við rekstur lausageyma. Við malbikunarstöðina voru tveir lausageymar á malarplani án nokkurra árekstrar eða lekavarna, það er frávik frá gr. 3.8.

Samkvæmt gr. 4.2 á að vera til staðar verklag eða tæknilegar lausnir til að fylgjast með virkni reykheinsivirkis. Ekki er neinn slíkur búnaður eða verklag til staðar hjá rekstraraðila og telst það vera frávik frá gr. 4.2.

Í gr. 4.3 í starfsleyfi segir að setja skuli upp myndavélareftirlit til að fylgjast með rykmyndun á svæðinu. Þetta myndavélarkerfi er ekki til staðar og er það frávik frá gr. 4.3.

Frávik frá

Grein 2.3

Lýsing á frávikum

Samkvæmt gr. 2.3 á umgengni á rekstrarsvæðinu að vera snyrtileg. Ástand lóðar Munck er ekki ásættanlegt.

- Grein 2.3 Samkvæmt gr. 2.3 á aðgangur óviðkomandi að svæðinu að vera bannaður. Við lóð malbikunarstöðvarinnar var skilti sem á stóð að aðgangur óviðkomandi væri óheimill en engin girðing er um lóðina og telst skiltið eitt og sér ekki fullnægandi til að tryggja að óviðkomandi komi ekki á svæðið.
- Grein 2.3 Samkvæmt gr. 2.3 eiga akstursleiðir á svæðinu að vera malbikaðar en svo er ekki.
- Grein 3.2 Í gr. 3.2 í starfsleyfinu segir að rykmengun skuli haldið í lágmarki með því t.d. að reisa skjólveggi eða nota vökvunarbúnað sem þolir frost og íslenskar veðuraðstæður. Á staðnum voru nokkrar slöngur sem starfsmenn höfðu notað til að vökva hráefnahauga en það er ekki fullnægjandi.
- Grein 3.7 Í gr. 3.7 segir að úðun vörubílsþalla skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Ekki er til staðar neitt plan fyrir úðun vörubílsþalla heldur fer það fram á möl.
- Grein 3.8 Samkvæmt gr. 3.8 á frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva að vera í samræmi við reglugerð nr. 884/2017. Í gr. 43. í reglugerð nr. 884/2017 um kröfur til lausageyma segir að öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir skuli tryggðar við rekstur lausageyma. Við malbikunarstöðina voru tveir lausageymar á malarplani án nokkurra árekstrar eða lekavarna.
- Grein 4.2 Samkvæmt gr. 4.2 á að vera til staðar verklag eða tæknilegar lausnir til að fylgjast með virkni reykhreinsivirkis. Ekki er neinn slíkur búnaður eða verklag til staðar hjá rekstraraðila.
- Grein 4.3 Í gr. 4.3 í starfsleyfi segir að setja skuli upp myndavélareftirlit til að fylgjast með rykmyndun á svæðinu. Þetta myndavélarkerfi er ekki til staðar

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Sverrir Aðalsteinn Jónsson